

13. desember 2018

Góðan daginn.

Hér vill ég koma minni athugasemd á framfæri til umhverfis- og samgöngunefndar og einnig þingmanna og flokka sem sitja nú á þingi.

Veggjöld.

Spurning mín snýr að veggjöldum sem nú er stefnt að gera að veruleika, hvers vegna er ekki almenningi í landinu leyft að kjósa um svo stóra og mikilvæga framkvæmd það er hugmynd uppi að hver ferð framhjá akstursskanna muni koma til með að kosta 100 til 150 kr á hvert ökutæki sem á leið framhjá slíku tæki ef þetta verður af veruleika.

Hvernig er hægt að ná sáttum á slíku frumvarpi ef aðeins þeir sem sitja á alþingi fá að segja sitt álit á frumvarpinu en ég spyr hvað með ALMENNING í landinu fá þeir ekki tækifæri til að lýsa sínu álit.

Flest allir landsmenn vita að grípa þurfi til róttækra ráðstafana í uppbyggingu vegakerfisins.

Einnig vill ég nefna að þegar bifreiðagjöld á ökutækjum voru sett upp í kringum 1990 að þá átti það að standa yfir í örfáa mánuði til þess að byggja upp vegakerfið á Íslandi, en ennþá daginn í dag er þau gjöld rukkuð af bifreiðaeigendum !! Í hvað eru þau gjöld notuð í dag.!!!!

Þau gjöld geta ekki verið að fara í vegi landsins fyrst Alþingi vill leggja nýtt frumvarp að veggjöldum.

Bifreiðaeigendur greiða tryggingar, bifreiðagjöld, bifreiðaskoðun, eldsneyti, og svo væntanlega veggjöld hvernig er þetta hægt og landinn fær ekkert um það að segja.

Það er enginn manneskja eins sumir eiga búsetu fyrir utan höfuðborgina og þurfa að sækja ferðir til Reykjavíkur oft en tvisvar á dag og svo öfugt sem verður kostnaðarsamt fyrir landann.

Þetta eru mínar athugasemdir vegna komandi frumvarps á veggjöldum ég vona svo innilega að ráðherrar og alþingismenn fái að sjá mínar athugasemdir við veggjöldum og íhugi betur þetta frumvarp.

Virðingafyllt: Haukur Jens Úlfarsson